

Föstudaginn 24. nóv. 1933.

Nr. 77/1933. **Eggert Claessen** (Sjálfur)

gegn

**Guðmundi Guðmundssyni og gagn-
sök nr. 98/1933** (Th. B. Líndal).

Frestsskilyrði fyrir fjárnámi samkv. 15. gr. 1. nr.
29/1885, sem og tilkynningu eigi fullnægt.

*Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 28. júlí 1933: Hið
umbeðna fjárnám skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.*

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi, dags. 22. febr. 1932, veðsetti gagnáfrýjandi þessa máls, Guðmundur Guðmundsson, handhafa bréfsins húseign sína nr. 159 A við Laugaveg ásamt lóð, er húsinu fylgir, og ennfremur erfðafestuland sitt Þvottalaugablett XXXV, hvorttveggja í Reykjavík allt með fyrsta veðrétti, til tryggingu greiðslu skuldar að upphæð 35000 kr., er hann tjáði sig kominn í við handhafa bréfsins, svo og vaxta og kostnaðar ef til kæmi. Ákveðið var í bréfinu, að vexti og afborganir skyldi greiða 1. september og 1. marz ár hvert, þar til skuldin væri að fullu greidd, og skyldi skuldin öll falla í gjalddaga án nokkurs fyrirvara, ef þessar greiðslur væru ekki nákvæmlega af hendi inntar, og mátti veðhafi þá taka veðið fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar, samkv. 15. gr. laga nr. 29, 16. dez. 1885. Greiðslur samkvæmt bréfinu skyldu hefjast 1. sept. 1932. Greiðslurnar 1. sept. 1932 og 1. marz 1933 voru ekki inntar af hendi svo sem bréfið ákvað, og 22. júní þ. á. ritaði Eggert Claessen, þáverandi handhafi þess, lögmanninum í Reykjavík og óskaði, að hann gerði svo fljótt sem unnt væri fjárnám í téðum eignum, til tryggingar

skuldinni, vöxtum og kostnaði. Samkv. þessari beiðni var málið tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 6. júlí þ. á. og eftir að málið hafði verið sótt og varið þar fyrir réttinum, var hinn 28. júlí þ. á. kveðinn upp sá úrskurður, að hið umbeðna fjárnám skyldi fara fram og var fjárnámið síðan framkvæmt hinn 31. júlí.

Þessum úrskurði og fjárnámsgerð hefir Eggert Claessen áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 8. ágúst þ. á., en með stefnu, dags. 14. sept. þ. á., hefir Guðmundur Guðmundsson gagnáfrýjað umræddum réttargerðum.

Aðaláfrýjandi krefst þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgerð verði staðfestur, þó ekki fyrir hærri upphæð en 27,855,39 kr. og 6% ársvöxtum af 24952 kr. frá 20. október þ. á. til greiðsludags, svo og fjárnámskostnaði, þá krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. Gagnáfrýjandi krefst þess hinsvegar fyrst og fremst, að málinu verði frestað þangað til í febrúarmánuði næstkomandi eða annan hæfilegan tíma að álitu réttarins. En verði þessi krafa ekki tekin til greina, krefst hann aðallega, að hinar áfrýjuðu réttargerðir, verði algerlega úr gildi felldar og synjað verði um framgang hins áfrýjaða fjárnáms. Til vara krefst hann þess, að fjárnámið verði einungis staðfest fyrir 3431,90 kr. Til þrautavara krefst hann, að fjárnámið verði einungis staðfest fyrir þeirri upphæð, sem aðaláfrýjandi krefst nú, sbr. kröfur hans að framan. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti samkv. mati réttarins.

Gagnáfrýjandi styður kröfu sína um frestun málsins, en henni er mótmælt af aðaláfrýjanda, við það,

að nú standi yfir í lögreglurétti Reykjavíkur rannsókn út af ýmsum atvikum, er snerti veðskuldabréf það, sem um ræðir í þessu máli, og geti niðurstaða rannsóknarinnar haft þýðingu fyrir úrslit málsins. Hefir gagnáfrýjandi lagt fram sem ný skjöl fyrir hæstarétti útskrift úr skýrslubók lögreglunnar um skýrslutöku hennar út af þessu, ennfreður útskrift úr lögreglupingbók Reykjavíkur um próf þau, er þegar hafa verið haldin í lögregluréttinum. En eins og málið liggur nú fyrir, virðist frekari lögregluréttarrannsókn ekki geta haft þá þýðingu fyrir úrslit þess, að hinn umbeðni frestur verði veittur gegn mótmælum aðaláfrýjanda.

Svo sem fyr segir voru engar greiðslur inntar af hendi, hvorki 1. sept. 1932 né 1. marz 1933. Þetta verður þó eigi talið til vanefnda af hálfu gagnáfrýjanda. Því að um handhafabréf yfirleitt gildir sú regla, að ekki verður talið, að skuldarar samkv. þeim séu skyldir að greiða fyrr en þeir eru krafðir greiðslu, enda geta þeir fyrr hvorki vitað hverjum né hvar þeir eiga að greiða, en í samræmi við þessa almennu reglu verður að skilja ákvæði þess veðskuldabréfs, sem hér um ræðir um gjalddaga. Það er nú upplýst í málinu, að gagnáfrýjandi var ekki krafinn greiðslu samkv. bréfinu fyrr en 29. júní þ. á., er honum var af stefnuvottum birt tilkynning, dags. 22. júní, frá aðaláfrýjanda, sem handhafa veðskuldabréfsins, um að fjárnám færi fram að þrem dögum liðnum frá birtingu tilkynningarinnar, en í tilkynningunni var jafnframt nægileg greiðsluáskorun. Gjalddagi veðskuldabréfsins í þeirri merkingu, sem 15. gr. laga nr. 29, 1885, notar orðið gjalddagi, þar sem ákveðið er, að fjárnám samkv. greininni megi eigi gera fyrri en liðinn er hálfur mánuður frá gjald-

daga, var því ekki fyr en 29. júní. Hinn 6. júlí hófst hinsvegar fjárnámið, en við það tímatakmark verður hér að miða í síðasta lagi, var því umræddu frestskilyrði ekki fullnægt. Þá er og það skilyrði sett í 15. gr. laga nr. 29, 16. dez. 1885, að búi skuldunautur á hinni veðsettu eign, þá skuli með þriggja daga fyrirvara birta honum með stefnuvottum hvenær gerðin eigi fram að fara, Slikrar tilkynningar þurfti hér um fjárnám í eigninni Laugaveg 159 A, sem gagnáfrýjandi bjó á, en hún átti sér ekki stað á löglegan hátt, því að þriggja daga frestinum samkv. tilkynningunni 29. júní lauk mörgum dögum áður en fjárnám mátti gera og var sú tilkynning þegar þessvegna marklaus að þessu leyti.

Það verður því þegar af þessum ástæðum, og án þess til athugunar komi hvort hið umrædda veðskuldabréf hafi verið lögleg aðfararheimild, að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti og ákveðst hann 500 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og fjárnámsgerð er úr gildi felld. Aðaláfrýjandi, Eggert Claessen, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Guðmundssyni, 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Mótmæli þau, er gerðarþoli hefir fært fram í máli þessu gegn fjárnámi fyrir skuldabréfakröfu þessari, er

byggð á því, að skuldin sé ekki raunverulega svo há, sem skuldabréfið tilgreinir, þar sem hann hafi aldrei fengið hærri upphæð fyrir bréfið en sem svarar kr. 25500,00 og vísar hann um þetta atriði í eftirrit af kæru, sem hér hefir verið lögð fram, og sem hann kveðst hafa sent lög-reglustjóranum í Reykjavík. Þá mótmælir hann fjárnám-inu einnig á þeim grundvelli að skuld þessi sé ekki gjald-kræf, þar sem skuldabréfið sé handhafabréf og tilgreinir ekki hvar greiða skuli afborganir og vexti, og hafi hon-um verið ókunnugt um hvar greiða skyldi, enda enga til-kynningu fengið um það.

Fyrra atriðinu hefir gerðarbeiðandi mótmælt sem röngu og sér óviðkomandi.

Í sambandi við síðara atriðið hefir hann vísað til til-kynningarinnar á rjskj. nr. 3, sem sýnir það hver hafi þá verið handhafi veðskuldabréfsins, og neitar hann því með öllu að hann hafi nokkru sinni fengið nokkurt greiðslu-tilboð.

Þar sem efni skuldabréfsins ber ekki með sér neinar takmarkanir á þar til greindri skuldarupphæð verða mót-mæli gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar að því leyti ekki tekin til greina. Þá verður og að telja að tilkynningin á rjsksj. nr. 3 sé jafnframt nægileg tilkynning til gerðar-þola um það hver sé handhafi veðskuldabréfs þessa, og þar sem ekki er sannað að hann hafi boðið fram greiðslu á afborgun eða vöxtum þrátt fyrir þá tilkynningu, þá verð-ur að telja að skuldabréfið sé í gjalddaga fallið og því heimilt að gera fjárnám samkvæmt ákvæðum þess.